

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2017, fimmtudaginn 12. janúar, var haldinn 150. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Fólkvangi og hófst kl. 17:07. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Eldey Huld Jónsdóttir, Ólafur Þór Zoéga og Guðfinna Ármannsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björg Sætran, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, og Þorvaldur Guðjónsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á Fjölmenningsarþingi Reykjavíkurborgar sem fram fer 25. febrúar nk.
2. Fram fer umræða um mengun frá matvælaframleiðslu í nágrenni Kjalarness. Frestað.
3. Boð um setu áheyrnarfulltrúa. Frestað.
4. Fram fer umræða um stöðu á ljósleiðaramálum/nettengingu fyrir íbúa á Kjalarnesi.

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráði Kjalarness finnst mjög alvarlegt að 2 mánuðum eftir að fyrirspurn um stöðu mála varðandi Ljósleiðaraaðgengi íbúa á Kjalarnesi hafi enn ekkert svar borist. Hverfisráð ítrekar því fyrirspurn sína um hvort til standi að tryggja öllum íbúum Kjalarness aðgengi að ljósleiðara eða hvort Kjalnesingar verði einu íbúar borgarinnar sem hafa ekki allir aðgengi að ljósleiðaratengingu?

5. Lagt fram til kynningar svar frá Mannvirkjaskrifstofu vegna brúar yfir Klébergslæk.
6. Fram fer umræða umræða um leið 29 hjá Strætó.
7. Fram fer kynning á heilsueflandi hverfi og stöðu verkefnisins á Kjalarnesi.

### Fundi slitið kl. 18:40

Sigríður Pétursdóttir

Guðfinna Ármannsdóttir  
Ólafur Þór Zoéga

Eldey Huld Jónsdóttir